

Jafnréttisáætlun Dalvíkurskóla

Jafnréttisáætlun þessi er unnin samkvæmt ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Áætlunin nær annars vegar til jafnréttis kynjanna meðal starfsfólks og hins vegar meðal nemenda. Einnig er litið til jafnréttis kynjanna í samstarfi við heimilin.

Ábyrgð og stjórnun jafnréttismála:

Meginábyrgð skal vera hjá yfirstjórn skólans: *Skólastjóri og deildastjórar*. Yfirstjórn getur falið einstökum starfsmönnum umsjón og eftirfylgni. Jafnréttisáætlun er líklegri til að bera árangur ef henni er fylgt eftir af sérfræðingum í jafnréttismálum. Í því sambandi má benda á Jafnréttisstofu, sem staðsett er á Akureyri, sem leita má ráða hjá ef brotið er gegn áætluninni eða jafnréttislögum. Ef upp koma ágreiningsmál og ábendingar má vísa þeim til gæðaráðs sem leitast við að leysa úr málum. Ennfremur á gæðaráð að sjá til þess að jafnréttisáætlun samræmist aðalnámskrá.

Kynjasambætting:

Úr 23. gr. jafnréttislaga

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfi eins og kostur er.

Kynja- og jafnréttissjónarmið skulu sambætt allri starfsemi skólans, s.s. við stjórnun og kennslu. Einnig skal jafnrétti haft að leiðarljósi við stefnumótun, ákvarðanatöku og áætlanagerð. Stefnt skal að því að flétta kynjasjónarmið inn í allar námsgreinar sem kenndar eru eftir því sem við á og unnt er. Stefnt skal að fræðslufundi í kynjasambættingu og í grundvallaratriðum jafnréttislaga fyrir starfsfólk skólans.

Starfsfólk

Laus störf

Úr 18. gr. jafnréttislaga

Atvinnurekendur og stéttarfélag skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.

Úr 20. gr. jafnréttislaga

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.

Meirihluti starfsfólks skólans eru konur. Við nýráðningar verður leitast við að jafna kynjahlutfallið.

Markmið:

- Að tryggja að konur og karlar njóti jafnréttis í Dalvíkurskóla.

Leiðir:

- **Auglýsingar** – Í öllum auglýsingum á vegum Dalvíkurskóla skal gæta jafnréttis og jafnrar virðingar kynjanna, sbr. 18. gr. jafnréttislaga. Atvinnuauglýsingar skulu höfða jafnt til karla og kvenna.

- **Ráðningar** – Allar stöður hjá Dalvíkurskóla skulu auglýstar lausar til umsóknar, nema um tímabundnar ráðningar eða tilfærslu í starfi sé að ræða. Jafnréttissjónarmið skulu metin til jafns við önnur sjónarmið þegar ráðið er í stöður hjá Dalvíkurskóla. Umsækjandi af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein skal að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningu þegar hann er jafnhæfur eða hæfari.

- **Kjör** – Konur og karlar skulu njóta sambærilegra kjara og réttinda. Greiða skal konum og körlum jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Allar ákvarðanir sem hafa áhrif á kjör skulu byggjast á málefnalegum forsendum óháð kyni.

- **Starfsaðstæður, starfsþróun og símenntun** – Vinnuaðstæður skulu taka mið af þörfum beggja kynja. Við úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað.

Laun

Úr 19. gr. jafnréttislaga

Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Nauðsynlegt er að fylgjast með launum starfsmanna út frá kynjasjónarmiði og vinna að því að jafna laun kynjanna komi launamunur í ljós.

Starfsþjálfun og endurmenntun

Úr 20. gr. jafnréttislaga:

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

Konur og karlar sem vinna sambærileg störf í skólanum skulu hafa jöfn tækifæri til starfsþjálfunar og endurmenntunar. Við gerð símenntunaráætlunar skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað

Nefndir og ráð

Stefnt skal að því að hlutfallslega jafnmargar konur og karlar sitji í öllum nefndum og ráðum á vegum Dalvíkurskóla. Einnig skal skólinn tilnefna bæði konu og karl í hvert sinn sem hann tilnefnir í nefndir, stjórnir og ráð utan skólans.

Samræming starfs og einkalífs

Úr 21. gr. jafnréttislaga

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

Mikilvægt er að starfsfólk hafi tækifæri til þess að sinna skyldum sínum í starfi jafnt sem einkalífi og að gott jafnvægi sé þar á milli. Gera skal starfsfólki af báðum kynjum kleift að samræma fjölskyldulíf og vinnu. Ennfremur skal starfsfólki gert kleift að sinna tímabundinni fjölskylduábyrgð sem skapast af veikindum barna, maka eða foreldra. Ekki skal líta á það sem mismunun að tekið sé tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar.

Kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og einelti

Úr 22. gr. jafnréttislaga

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Allt starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað um ábyrgð og færar leiðir ef upp koma tilvik sem varða kynferðislega áreitni eða einelti. Koma ábendingum um slík mál strax til skólustjórnenda eða fagraðs Dalvíkurbyggðar.

Nemendur

Fræðsla

Úr 23. gr. jafnréttislaga

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu og atvinnulífi.

Grunnskólinn starfar samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla (2011). Vísa skal sérstaklega í kafla 2.1.4 um jafnrétti. En þar stendur: *Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011)*

Í aðalnámskrá er jafnrétti til náms eitt grundvallarviðmið skólastarfs en það er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Í því tilliti er vert að hafa í huga að í þessu felast ekki endilega sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri.

Á síðu [Jafnréttisstofu](#) er m.a. að upplýsingar um finna námsefni og efni sem nýst getur við kennslu. Gerð verði grein fyrir jafnréttisfræðslu vetrarins í skólanámskrá/kennsluáætlunum

Kennslu- og námsgögn

Úr 23. gr. Jafnréttislaga

Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Við gerð námsgagna og val á þeim skal þess gætt að þau taki mið af grunnþáttum menntunar, þ.e. læsi, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð, menntun til sjálfbærni og skapandi starfa. Námsgögnin skulu höfða jafnt til beggja kynja og mismuna ekki einstaklingum eða hópum vegna kynferðis, kynhneigðar, búsetu, uppruna, litarháttar, fötlunar, trúarbragða eða félagslegrar stöðu. (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011)

Kennarar nýti sér það námsefni sem samið hefur verið út frá fyrirtöldum leiðbeiningum (sé það fyrir hendi) en gæti þess að auki að nota ekki gagnrýnislaust námsefni sem sýnir staðlaðar kynjaímyndir eða mismunar kynjunum að einhverju leyti.

Náms- og starfsfræðsla

Úr 23. gr. Jafnréttislaga

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

Jafnrétti ber að hafa að leiðarljósi í náms- og starfsfræðslu með því að kynna piltum og stúlkum fjölbreytt námsframboð að loknum grunnskóla og störf af ýmsu tagi. Leitast skal við að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla eða kvennastörf. Nauðsynlegt er að kynna fyrir nemendum ný störf og þróun starfa sem fylgja breytingum í nútímasamfélagi (Aðalnámskrá, 2011)

Við Dalvíkurskóla er ekki starfandi náms- og starfsráðgjafi en hefur skólinn samning við náms- og starfsráðgjafa í gegnum Háskólann á Akureyri sem sinnir verkefnum sem verktaki. Þjónustan felst m.a. í nemendasamtölum hvað varðar framhaldsskóla, námstækni og markmið.

Þar sem náms- og starfsráðgjafi er einungis í hlutastarfi er megináherslan á að vinna með eldri bekkjum grunnskólans.

- | | |
|------------|---|
| 7. bekkur | Stefnt er að því að nemendur í 7. bekk í grunnskólanum komi að minnsta kosti einu sinni að vetri til náms- og starfsráðgjafa í persónulega ráðgjöf. |
| 8. bekkur | Nemendur 8. bekkjar fá námskeið í námstækni. Persónuleg ráðgjöf eftir þörfum. |
| 9. bekkur | Nemendur 9. bekkjar fá persónulega ráðgjöf eftir þörfum. |
| 10. bekkur | Allir nemendur fá náms- og starfsfræðslu og fræðslu um námstækni inni í bekk. Stefnt er að því að allir nemendur komi í einstaklingsviðtöl að minnsta kosti einu sinni og fái að taka áhugasviðspróf. |

Kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni

Úr 22. gr. jafnréttislaga

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Skólastjórnendur skulu skv. lögum gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynferðislegri áreitni í skólanum, hvort heldur sem er af hálfu annarra nemenda eða starfsfólks.

Fræðsla um kynþroska, kynlíf og siðferði í samskiptum kynjanna verði samkvæmt markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár. Þess skal gætt að nemendur fái þjálfun í að þekkja og tjá tilfinningar sínar og læri að virða tilfinningar annarra óháð kyni. Efla ber umræðu um hvernig koma meggi í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi. Ef upp kemur grunur um kynferðilega áreitni skal málinu tafarlaust vísað til barnverndunarnefndar Dalvíkurbyggðar.

Samstarf við heimilin

Starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað í samskiptum við foreldra/forráðamenn og gæta þess að litið sé á feður og mæður jafngild í foreldrasamstarfinu.

Gæta skal þess að hvetja foreldra af báðum kynjum til þátttöku í öllu starfi sem skólinn býður upp á. Ef kynjamunur virðist á þátttöku foreldra skal leita leiða til að minnka þann mun. Þegar haft er samband við heimilin skal þess gætt að hafa ekki aðeins samskipti við móður. Skólinn skal hafa frumkvæði að því í samstarfi

DALVÍKURSKÓLI

ÞEKING OG FÆRNI - VIRÐING OG VELLÍÐAN

við stofnanir í Dalvíkurbyggð að gera báðum forráðmönnum nemenda kleift að koma í viðtöl og á fundi er varða barn þeirra í skólanum.

Endurskoðuð júní 2023